Nótt í Moskvu

Texti: Jónas Árnason

Lag: Vasílíj Solovjov-Sedoj

Eitt sinn gekk ég einn yfir Rauðatorg
og mér fylgdi undarleg sorg.
Ég var ungur þá, haldinn ungri þrá.
Það var maíkvöld í Moskvuborg.

Seinna sat ég einn grænum garði í,
fuglar sungu dirrindidí.
Ég var ungur þá, haldinn ungri þrá.
Það var maíkvöld í Moskvubý.

Allt í einu ég unga stúlku sá,
sem þar stóð og starði mig á,
bak við rósarunn með sinn rósamunn.
Það var maíkvöld í Moskvu þá.

Höfundaskráning: https://trubador.is/lagalisti/lag.cfm?Id=271

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.